

AUGLÝSING

um breyting á auglýsingu nr. 40 5. febrúar 1963, um verndun fiskimiða fyrir veiði með þorskanetjum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Til 15. apríl 1968 skal óheimilt að leggja þorskanet á svæði því, er um getur í 2. gr. auglýsingarinnar.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsmálaráðuneytið, 22. marz 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Gunnlaugur E. Briem.

Nr. 44.

6. marz 1968.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Kristjáns og Valgarðs Blöndal, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 6. marz 1968.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Kristjáns og Valgarðs Blöndal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Kristjáns og Valgarðs Blöndal.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður á aðalfundi Sparisjóðs Sauðárkróks 14. apr. 1934 með kr. 1500.00 framlagi úr varasjóði Sparisjóðsins, í minningar og þakkarskyni við Kristján Blöndal, sem verið hafði starfsmaður sjóðsins í aldarfjórðung. Við sjóðinn var bætt kr. 10 000.00 framlagi í minningu Valgarðs Blöndal, fyrrv. formanns sparisjóðsstjórnar, á aðalfundi Sparisjóðsins.

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Sauðárkróks. Hætti Sparisjóðurinn starfrækslu, skal sjóðurinn ávaxtaður í Búnaðarbanka Íslands, útibúi á Sauðárkróki.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla Bókasafn Barnaskóla Sauðárkróks og til kaupa á listaverkum, er prýði húsakynni skólans.

5. gr.

Í fyrrgreindu skyni skal árlega veita úr sjóðnum helmingi ársvaxta, þar til hann nemur kr. 25.000.00. Eftir það má veita allt að $\frac{4}{5}$ hlutum.

6. gr.

Stjórn sjóðsins sé skipuð 3 mönnum: Formanni Fræðsluráðs Sauðárkróks, skólastjóra barnaskólans og formanni Sparisjóðs Sauðárkróks. Stjórn sjóðsins annast bókhald hans og leggi árlegan reikning fyrir aðalfund Sparisjóðs Sauðárkróks.

7. gr.

Endurskoðendur Sparisjóðs Sauðárkróks skulu annast endurskoðun reikninga.

8. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

6. marz 1968.

Nr. 45.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Menningarsjóð Sparisjóðs Sauðárkróks, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra, 6. marz 1968. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Menningarsjóðs Sparisjóðs Sauðárkróks

1. gr.

Sjóðurinn heitir Menningarsjóður Sparisjóðs Sauðárkróks.

2. gr.

Stjórn Sparisjóðs Sauðárkróks hefur á hendi stjórn Menningarsjóðsins.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er innstæða Sparisjóðs Sauðárkróks í útibúi Búnaðarbanka Íslands á Sauðárkróki 1. jan. 1966, þá að upphæð krónur: 3 392 544.87.

4. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Skal Sjóðstjórn ávaxta hann í útibúi Búnaðarbanka Íslands, Sauðárkróki eða í vísitölutryggðum skuldabréfum.

5. gr.

Árlega skal bæta við höfuðstólinn eigi minni upphæð, en sem nemur $\frac{1}{4}$ hluta ársvaxta.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að menningarþróun í Skagafjarðarhéraði (þ. e. Sauðárkróki og Skagafjarðarsýslu).

Í því augnamiði er heimilt að verja árlega allt að $\frac{3}{4}$ ársvaxta í formi styrks (eða láns).